

# Fundur hjá stjórn foreldrafélags BES

## 19.janúar 2009

### Mættir voru:

Lóa Björk Óskarsdóttir  
Þóra Þorsteinsdóttir  
Eggert Jóhannesson  
Hildur Jónsdóttir  
Kolbrún Hulda

Fundur var haldinn vegna fyrirhugaðs fundar allra formanna foreldrafélaganna í Árborg þann 22/1 2009. Þar á að ræða foreldrarölt og kosti og galla frírra skólamáltíða. Einnig hafði borist ábending um áhyggjur foreldra varðandi uppbyggingu skólahúsnæðis á Eyrarbakka vegna efnahagsástands og niðurskurðar.

**1. Fundur formanna foreldrafélaganna í Árborg:** Flestir voru á því að ekki þyrfti að koma upp foreldrarölti á Ströndinni. Lóa ætlar þó að fá upplýsingar um foreldrarölt á Selfossi og miðla til foreldrafélagsins. Flestir voru spenntir fyrir fríum morgunmat í skólanum, þó ekki væru allir sammála.

Einnig ætlar foreldrafélag BES að stinga upp á því að skólarnir þrír í Árborg standi fyrir sameiginlegum fundi um netnotkun barna og netöryggi í líkingu við þann sem haldinn var í fyrra um tenglastarf.

**2. Ábending frá foreldri varðandi uppbyggingu skólahúsnæðis á Eyrarbakka:** Sögur hafa gengið um þróun skólamála hér á Ströndinni í kjölfar kreppunnar. Ýmsar sparnaðaraðgerðir verið nefndar og meðal annars að hætt yrði við uppbyggingu skólahúsnæðis á Eyrarbakka og elstu börnin yrðu send á Selfoss???

Foreldrafélagið ákvað að senda fyrirspurn til verkefnisstjóra fræðslumála til að sjá hvar málið stendur. Einnig ræddi foreldrafélagið um að halda fund með foreldrum ef einhverjar breytingar væru fyrirhugaðar hjá sveitarfélaginu.

Þetta svar barst okkur svo:

Blessuð Lóa

Bæjaryfirvöld hafa ekki tekið neina ákvörðun um að hætta við uppbyggingu skólahúsnæðis á Eyrarbakka. Hinsvegar er ljóst að framkvæmdum við barnaskólann á Eyrarbakka verður frestað eins og öðrum framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar hjá sveitarfélaginu. Varðandi upplýsingar um stefnu í uppbyggingu skólahúsnæðis við ströndina vil ég benda þér á að fylgjast með umfjöllun og afgreiðslu á þriggja ára áætlun sveitarfálagsins sem mun fara fram á næstu vikum.

Kveðja góð,

Sigurður Bjarnason  
verkefnisstjóri fræðslumála  
Fjölskyldumiðstöð Árborgar  
Sími: 480 1900  
[siggi@arborg.is](mailto:siggi@arborg.is)

**Önnur mál:** Ákveðið var að foreldrafélagið standi fyrir ferð á sýninguna Sjórnæingjaprinsessan sem sett verður upp á Selfossi. Ekki var ákveðið hvenær en hér fylgja smá upplýsingar um sýninguna:

Æfingar standa nú yfir hjá Leikfélagi Selfoss á nýju íslensku barnaleikriti sem hlotið hefur nafnið Sjórnæingjaprinsessan. Höfundur og leikstjóri er Ármann Guðmundsson en hann semur einnig tónlist verksins ásamt Guðmundi Svafarssyni.

Leikritið segir frá stúlkunni Soffíu sem alist hefur upp á hafnarknæpunni Sporðlausu hafmeyjunni eftir að hún birtist þar með vofeiflegum hætti ásamt dularfullum kistli þegar hún var ungabarn. Þegar tveir skuggalegir næturgestir birtast og ræna kistlinum ákveður Soffía að taka málin í eigin hendur og sanna í leiðinni að hún sé hin eina sanna sjórnæingjaprinsessa. Alls taka um 20 leikarar þátt í sýningunni og eru börn þar í miklum meirihluta. Að auki taka fjórir hljóðfæraleikara þátt í sýningunni.

Sjórnæingjaprinsessan hæfir öllum aldri, hvort heldur eru börn í 1. bekk eða 10. bekk, foreldrar eða amma og afi.

Með helstu hlutverk fara Rakel Ýr Stefánsdóttir, Bjarki Þór Sævarsson, Álfrún Agnarsdóttir, Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson og Stefán Ólafsson.

Sýnt verður í Litla leikhúsinu við Sigtún og frumsýning er áætluð 20. febrúar.